

Niðurstöður úr málþingi snjallsíma og samfélags

Rök með snjallsímum	Rök á móti snjallsímum
Kennir þeim að umgangast tækni	Truflandi áhrif og þau geta átt erfitt með að ná sér í gang
Samstarf við foreldra	Aukið álag á starfsfólk
Samstarf við börnin	Nota tæki skólanna frekar
Þetta er heimurinn	Hópurinn hlynntur símalausum skólum yfir höfuð
Kenna ábyrga notkun með því að setja mörk	Öruggt umhverfi fyrir börnin okkar í skólum
Ekki að banna tækin né skrímsla væða þau	Áherslu á félagsfærni nemenda
Hvað með félagslegt einelti	Af hverju þarf síma ef eru með spjaldtölvur sem vinnutæki
Má ekki fjarlægja eigur nemenda	Síma öruggt svæði
Kenna krökkum og okkur sjálfum að nota símann	Tækjalaus verkefni. Að krakkar fái verkefni sem krefjast ekki þess að skjár komi til sögunnar
Nota tækin til að styðja við nám en ekki til að stjórna því	Mismunun. Ekki allir eiga síma og þeir sem eiga misgóða síma
Geta sett okkur mörk hvað þá varðar því þeir eru og munu verða partur af okkar veruleika	Auka félagsfærni að spjalla í frímínútum
Læra að umgangast þessi tæki	Ef snjall tæki er til staðar í skólanum er ekki þörf á símanum
Félagslega getur þetta styrkt þau	
Ekki nóg bara að ýta vandamálinu þar til eftir skólatíma	
Ýtir undir forvitni og gerir þeim mögulegt að nýta símann til þess að fræða sig um það sem vekur þessa forvitni	
Ákveðið vantraust og/eða tortryggni. Að þeim sé ekki leyft að vera með síma	

Tillögur
Tónlistaröpp þurfa að vera í snjall tækjum grunnskólanna
Símafangelsi
Umbun og eitthvað annað þarf að vera til að gera
Vera með afþreyingu eins og spil, töfl o.fl.
Öryggi í skólum sé skýrt
Mikilvægt að skólar skýri sína stefnu
Vera með reglur
Símasáttmáli
Skólar eiga að stuðla að félagsfærni
Auka afþreyingu í skólum
Þjóða upp á símalausa daga þar sem nemendur taka þátt í að plana þá
Meta kostnað við spjaldtölvur í alla skóla og aukningu leiktækja sem annan valkost
Nota skólaþing skólanna til að gera könnun á málefnum og undirbúa sáttmála
Kaupa meira af afþreyingu í samráði við ungmenni

Gera skólalóðir meira aðlaðandi
Kaupa fleiri bolta
Setja félagsmiðstöðvar í alla skóla
Jafna aðstöðu skólanna til snjall tækja
Unicef – hvað er best fyrir börnin?
Prófa snjall símalausa skóla í ár og gera könnun fyrir og eftir til að meta árangur
Að nemandinn hafi val. Eitt hentar ekki öllum.
Þátttaka foreldra mikilvæg
Afþreying til staðar til þess að leysa tækin af hólmi
Ala upp ábyrga notkun
Mikilvægt að fá nemendur með
Menntakerfið mögulega risaeðla. Þarf kannski að gera efnið áhugaverðara og uppfært til þess sem vekur áhuga hverju sinni
Samningur er góður til þess að brúa bilið og viðurlög svona samninga sé fylgt eftir
Vantar kannski meiri heildarstefnu
Svaka mikill munur t.d. á Myllubakkaskóla og Akurskóla
Ungu krakkarnir farnir að vinna með vandann. Farin að skammta sér tíma, setja á skólastillingu og annað til þess að takast á við það áreiti sem þeim fylgir.

#### Fyrirlesarar:

**Bergþóra** – Þarf að mæla ávinning af því hvað má og hvað má ekki. Þetta þarf að gera í gegnum samræður og í sátt. Það þarf að hlusta á raddir barna og ungmenna. Leggja áherslu á að efla sjálfstraust. Gott að gera almennan sáttmála – samansettur rýnihópur nemenda og kennara (sjá Kópavog og Þelamerkurskóla). Hægt að gera bekkjarsáttmála. Taka samtalið út frá gildum og leysa ágreining sem kemur upp saman.

**Daníel** – Börn og ungmenni missa ákveðna bóklega færni með því að vera með snjall tæki, kunna ekki að fletta upplýsingum upp úr bókum. Veldur truflun á einbeitingu. Dregur úr félagslegri færni. Börn og ungmenni eyða níu klukkutímum á dag í skjátíma. Spurningar með áhrif á svefn. Símafangelsi er það á ábyrgð kennara?

**Grímur** – Aukning lyfja barna og ungmenna er drastísk undanfarin ár. Snjall tæki hafa áhrif á svefn og líka samfélagið og heimilislífið. Mikil versnun í líðan ungmenna á öllum aldri.

**Gróa** – Þarf að ræða málefnið við ungmennin. Tvær kannanir og spyrja ungmennin hvað þau vilja. Umgengni snjall tækja með ungmennin í forgrunni. Skóladagar eru vinnudagar nemenda og ætti ekki neitt að trufla þau við vinnu sína.

**Skúli** – Það þarf að miðla fjölmiðlalæsi. Þarf að gera símasáttmála með alla að borðinu. Nefnir 10 atriði:

1. Notkun á snjall tækjum er ekki það sama og fræðsla.
2. Nota má önnur tæki en síma í kennslu eins og spjaldtölvur.
3. Símar í einkaeigu bæta við áreiti.
4. Í sínum eru öpp sem börn haf hvorki aldur né þroska til að skoða.
5. Skólarnir eiga að vera öruggir staðir hvað varðar að taka myndir og myndbönd af börnum á skólalóð og innan skólans.
6. Gæta þarf að stafrænu fótspori nemenda án söfnunar á persónurekjanlegum upplýsingum.
7. Gefa þarf börnum frið til að stunda sitt nám og að þroskast félagslega.
8. Sími er notaður þegar okkur leiðist. Þarf að finna leiðir til að nýta tímann frekar en að eyða honum.

9. Notkun snjall tækja er mikilvægt lýðheilsumál þar sem neikvæð áhrif eru á óhóflegan skjátíma.
10. Snjall tæki veita aðgengi að skaðlegu efni, klámi og hatursfullu efni.

Upplýsingar teknar úr málþingi og vinnuhópum þess þann 27. september 2023

Tekið saman af Guðnýju Birnu, formanni Menntaráðs.